

með hjartasting, hann biður með titrandi rödd og brennir reykelsti með skjálfsandi hendi. (8)

Eg furða mig oft á því, að menn skuli kalla guðsafneitun trúleysi (asebejan) og kalla þó ekki hjátrúna hið sama. Eg kysir miklu framar að menn segðu um mig, að eg hefði aldri verið til — að Plutarch hefði aldrei fæðst — heldur en að þeir segðu, að Plutarch væri maður óáreiðilegur, svikull, skjótur til reiði, hefni-gjarn fyrir smámuni, ósáttfús og langrækinn á litlar yfirsjónir. (9)

Guðsafneitandinn áltur, að enginn guð sé til. Sá hjátrúarsjúki óskar í hjarta sínu, að þeir væri ekki til. En hann trúir því, og trúir á þá sér þvert um geð, því hann óttast sitt endadægur. Guðsafneitandinn á ekkert sameiginlegt með þeim hjátrúarsjúka, því sá hjátrúarsjúki vildi gjarnan gjörast guðsafneitandi, ef hann þyrði að gjöra það; en hann er of aumur til þess, að hugsa svo um guðina, sem hann kynni að æskja.

Enn fremur guðsafneitandinn er ekki öfgatrúarmaðurinn, eins og hann hefir oft verið sakaður um, heldur er hjátrúin aðal orsök allrar guðsafneitunar og hennar bezta réttlætning, þó engan veginn sönn sé, lofsverð eða fögur. (10.–11.)

*

*

*

Plutarch var frægur rithöfundur um aldamótin 100 e. Kr. Helzta ritverk hans er „Æfisögur grísku heimspekinganna“, er þýtt hefir verið margoft á ótal tungumál. Það er almennt álitid, að hann hafi skrifað bók sína „De Superstitione“ í tíð Nerva keisara (96–8) sem varnarrit fyrir skoðun þeirra manna, er í þá daga voru nefndir „eingyðismenn“ (monoþeistar) eða heiðingjar af þeim, sem tilheyrðu grísk-rómversku trúnni. Það má ráða af öllu því, er Plutarch hefir ritað, að hann hefir enginn vinur verið kreddukennara eða trúaröfstækismanna.

Oss datt því í hug, að þessar smágreinar úr Plutarch gamla væri ekki orðnar svo úreltar, að mönnum þætti ekki gaman af, að lesa þær enn, eða jafnvel bera saman trúaröld vora og hans, eftir því sem hann lýsir henni.